

**2. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2018, haldinn 15. mars 2018 í Flúðaskóla kl. 14:00. 20. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Sigurður Sigurjónsson, Ásmundur Lárusson, Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Margrét Larsen, fulltrúi kennara og Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi skólaráðs. Vigdís Furusest, Jón Bjarnason og Elsa Ingjaldsdóttir boðuðu forföll. Ingvar Hjálmarsson mætti ekki.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Rekstur 2017**
- 3. Persónuvernd, undirritun upplýsingaöryggisstefnu nemendaskrár Flúðaskóla**
- 4. Leyfisbeiðnir**
- 5. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra**

Félagsmiðstöðin Zero, Flúðaskóli og Foreldrafélag Flúðaskóla buðu upp á forvarnarfræðslu Magga Stef fyrir foreldra og nemendur í 8. - 10. bekk. Jafnframt kom Maggi með fræðslu fyrir 5. - 7. bekinga á skólatíma. Almenn ánægja var með fræðsluna enda nauðsynlegt að vera með á nótunum í þeirri margbreytilegu veröld sem við búum í.

Öllum nemendum skólans var boðið upp á kennslu í Lindy hop dansi en það voru þau Sigurður og Arndís Eva forsprakkar þessa dans á Íslandi sem komu til okkar. Boðið var upp á þessa kennslu í tengslum við Lindy hop hátíð sem haldin var hér á Flúðum aðra helgina í febrúar.

Menntamiðja er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ og annarra aðila sem koma að menntamálum um starfsþróun kennara. Þeir standa fyrir verkefni sem felst í því að skólar taka að sér að sjá um tísta frá skólastarfi, hver skóli viku í senn. Flúðaskóli tók þetta verkefni að sér eina viku í febrúar þar sem við tístum frá skólastarfi okkar. Það var ótrúlega fjölbreytt skólastarf sem við gátum tístað um því við getum stolt sagt frá því að okkar skóli er sannarlega með fjölbreytta kennsluhætti og nemendamiðað starf.

Námsráðgjafar frá Fsu ásamt tveimur nemendum komu í heimsókn og voru með kynningu fyrir 9. og 10. bekkina á skólatíma.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór fram í Kerhólsskóla þriðjudaginn 6. mars. Nemendur í 7. bekk sem valdir voru úr Bláskógaskóla Reykholti, Bláskógaskóla Laugarvatni, Kerhólsskóla, Flúðaskóla, Þjórarskóla og Flóaskóla tóku þátt. Valdís Una Guðmannsdóttir og Sirui Xiang voru fulltrúar Flúðaskóla og stóðu sig með þryði. Enn einu sinni kom Flúðaskóli heim með verðlaun þar sem Valdís Una hreppti þriðja sætið. Fulltrúi Flóaskóla var í fyrsta sæti og annað sæti hlaut fulltrúi Bláskógaskóla Laugarvatni. Gaman er að segja fá því að þetta er sjötta árið í röð sem við lendum í verðlaunasæti og sum árin hafa þau verið fleiri en eitt.

Samræmd próf voru haldin fyrir 9. bekkina í síðustu viku og eins og ekki hefur farið fram hjá nokkrum manni gekk það ekki sem skyldi. Stærðfræðiprófið gekk snuðrulaust en ensku- og íslenskuprófinu var frestað vegna tæknilegra örðugleika. Menntamálaráðuneytið mun ásamt hagsmunaaðilum taka ákvörðun um hvert framhaldið verður.

Mikil vinna fer nú fram til að uppfylla kröfur nýrra persónuverndarlaga sem taka gildi í maí. Boðið var upp á fjarfund með Marínó G. Njálssyni ráðgjafa verkefnisins sem skólastjórnendur sátu ásamt sveitarstjóra. Þetta var gagnlegur og upplýsandi fundur af því leiti sem við sáum af honum en enn og aftur var þráðlausa netið að stríða okkur og því duttum við reglulega út en við fengum góð gögn sem við getum notað við þessa vinnu. Skólinn þarf að skila inn drögum af Öryggisstefnu í síðasta lagi 5. apríl næstkomandi.

Starfsmannamál eru í skoðun fyrir næsta skólaár en ljóst er orðið að auglýsa þarf en ekki komið á hreint hversu margar stöður það eru. Kennarar hafa fengið sendar spurningar til að undirbúa sig fyrir starfsmannasamtöl sem byrja í næstu viku.

## **2. Rekstur 2017**

Skólastjóri fór yfir rekstur Flúðaskóla, mötuneytisins og Skólasels fyrir árið 2017. Heildarniðurstaðan er sú að reksturinn var 2 milljónum undir áætlun. Gert var ráð fyrir kostnaði upp á tæplega 216 milljónir en niðurstaðan var tæplega 214 milljónir.

## **3. Persónuvernd, undirritun upplýsingaöryggisstefnu nemendaskrár Flúðaskóla**

Skólastjóri kynnti vinnu sem hafin er við upplýsingaöryggisstefnu nemendaskrár Flúðaskóla.

## **4. Leyfisbeiðnir**

Lögð fyrir beiðni um leyfi Gyðu Björk Björnsdóttur næsta kennsluár. Skólanefnd leggur til að beiðnin verði samþykkt.

Lögð fyrir beiðni um leyfi Guðrúnar Pétursdóttur, skólastjóra frá 1. ágúst 2018 - 31. júlí 2019. Skólanefnd leggur til að beiðnin verði samþykkt og leggur einnig til að Jóhanna Lilja Arnardóttir leysi hana af næsta skólaár og að Steinunn Margrét Larsen leysi Jóhönnu Lilju Arnardóttur af sem aðstoðarskólastjóra næsta skólaár. Guðrún Pétursdóttir vék af fundi undir þessum lið.

## **5. Önnur mál**

- a) Pisa könnun verður lögð fyrir 10. bekkinga í Flúðaskóla 12. apríl nk.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:50

